

Skýrsla stjórnar 17. febrúar 2011

Fundarstjóri, góðir fundarmenn.

Ég mun í skýrslu minni gera grein fyrir starfi stjórnar frá síðasta aðalfundi. Ég fullyrði að sjaldan hafi verið eins hart sótt að okkar hagsmunum og nú um þessar mundir. Sú þjóðnýtingarstefna stjórnvalda og forræðishyggja sem birtist í umræðunni um þjóðareign á auðlindum og breytingar á lögum sem eru í farvatninu á nánast öllum sviðum sem varða hagsmuni okkar landeigenda er ekkert annað en eignaupptaka. En víkjum nú fyrst að þjóðlendumálum.

Ég gat þess í skýrslu minni til síðasta aðalfundar að við vorum að kanna hvort möguleiki væri að fara með prófmál fyrir Mannréttindanefnd Sameinuðupjóðanna. Rökin fyrir að fara með mál fyrir Mannréttindanefndina eru að nefndin leggur ríka áherslu á að þegnum sé ekki mismunað að hálfu ríkisvaldsins. Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður skoðaði málið fyrir samtökin. Hans niðurstaða var sú að það væri hæpið að málið yrði tekið fyrir vegna þess að skiliðrin voru svo lík og hjá Mannréttindadómstóli Evrópu. Hins vegar eigum við ekki að afskrifa þessa leið vegna þess að ríkið hefur og er sífellt að mismuna mönnum í kröfugerð og meðferð mála.

Stjórn samtakanna hefur of bent á að skjalasöfn séu ekki nógu vel rannsökuð bæði í Árnasafni og Landsbókasafni og víðar og að þar kunni að leynast skjöl sem varði réttarhagsmuni landeigenda. Það er óþolandi annað en gengið sé úr skugga um að öll skjöl séu uppi á borðum í þjóðlendumálum vegna þeirra ströngu sönnunarkröfu hæstaréttar þar sem eitt skjal getur ráðið úrslitum í málum eins og dæmin sanna. Á síðasta aðalfundi var samþykkt tillaga um að samtökin beittu sér fyrir að sett yrðu endurupptökuákvæði inn í

Þjóðlendulögin sem heimili endurupptöku mála á grundvelli nýrra gagna. Stjórnin hefur ekki séð tækifæri að koma þessu máli inn á Alþingi vegna þess ástands sem ríkt hefur í þinginu. En mun leita lags við fyrsta tækifæri. Það voru mikil vonbrigði þegar Mannréttindadómstóll Evrópu vísaði málum okkar frá. Eitt mál er enn þá hjá dómstólnum sem hann hefur ekki tekið afstöðu til en það er mál Mörtungu á Síðu. Vissulega dvínar vonin um að dómstóllinn taki þjóðlendumál til meðferðar. Stjórnin hefur íhugað að láta reyna á eitt mál í viðbót, Heiðarmúla í Svalbarðshreppi, sem er mjög sérstakt mál að mati lögfræðinga vegna þess að þar dæmdi Hæstiréttur bæði beitarrétt og veiðirétt af landeiganda. Einn Hæstaréttardómari skilaði sératkvæði og taldi að jörðin væri öll háð einkaeignarétti. Því miður sé ég ekki að samtökin okkar hafi fjárhagslegt bolmagn í það nema fleiri kæmu að því.

Í umhverfisráðuneytinu er unnið að frumvarpi um breytingu á lögum um náttúruvernd. Samtökin hafa fengið frumvarpsdrögin til umsagnar. Í frumvarpsdrögum er gert ráð fyrir að banna allan utanvegaakstur og að akstur utan vega verði háður leyfisveitingum. Einnig er heimild til gjaldtöku fyrir leyfisveitingar.

Í umsögn LLÍ segir m.a.:

Landssamtökin telja þá ráðagerð sem fram kemur í frumvarpinu um að lögfest fullkomið bann við akstri vélknúinna ökutækja á eignarlöndum utan vega fráleita og leiði af sér svo mikillar takmarkanir á nýtingu eignarréttarins að ekki standist stjórnarskrá. Að banna umferð um eignarlönd með þessum hætti myndi gera það að verkum að möguleikar eigenda á nýtingu lands síns myndu skerðast svo verulega að nýting landsins yrði dýrari og torveldari. Þetta myndi leiða til verðfalls og til þess að bótaréttur stofnast á hendur ríkisvaldinu. Landssamtökin telja hins vegar ekkert því til fyrirstöðu að settar séu skýrar og einfaldar reglur um umferð almennings um landið og að umferð

vélknúinna ökutækja óviðkomandi aðila verði með þessum hætti takmörkuð um eignarlönd og þjóðlendur.

Landssamtök landeigenda telja að þær tillögur til breytinga á 17. greininni, sem nú eru til kynningar í frumvarpsformi séu íþyngjandi fyrir landeigendur og gangi í raun yfir almenna skynsemi. Undanþáguákvæðið í 2. mgr. 2. gr., þar sem gert er ráð fyrir að umhverfisráðherra geti með reglugerð og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunnar kveðið á um umferð utan vega, m.a vegna starfa við landbúnað, er langt frá því að vera nægilegt til þess að tryggja umferðarrétt landeigenda og óþolandi að umferð þeirra um land sitt sé háð pólitískum vindum eins og þeir blása hverju sinni, þ.e. duttlungum þessara opinberu aðila.

Telji löggjafinn nauðsynlegt að breyta 17. gr. laganna um náttúruvernd, leggja landssamtök landeigenda á Íslandi áherslu á að í lagatextanum sjálfum verði að finna afdráttarlaust ákvæði í þá veru að lögin taki ekki til hefðbundins landbúnaðar og aksturs utan vega vegna nýtingar á landsréttindum eigenda landsins.

Landssamtök landeigenda hafa ekkert á móti sérstakri vernd náttúrufyrirbæra eins og gert er ráð fyrir í tillögum til breytinga á 37. gr. Svo fremi sem vernd þessi raskar ekki hagsmunum landeigenda og möguleikum þeirra á nýtingu landsréttinda sinna. Hér má ekki auka við flókið leyfaferli sem leiði til þess að einhverjir einstaklingar sem vinna í stjórnkerfinu, eða eftir atvikum stjórnámálamenn, geti bótalaust sett landeigendum stólinn fyrir dyrnar um nýtingu á landsréttindum sínum, einungis vegna þess að þeir hafa þá persónulegu skoðun að nýtingin fari gegn náttúruverndarsjónarmiðum. Óheppilegt er að leyfisveitingar verði háðar mati sérfræðinga sem beinlínis hafa það hlutverk að stuðla að náttúruvernd og eiga þannig í mörgum tilvikum erfitt með að meta heildarhagsmuni.

Landbúnaðarráðherra skipaði nefnd árið 2009 til að endurskoða jarða- og ábúðarlög frá 2004. Samtökin voru sniðgengin í skipan nefndarinnar og mótmæltum við því á sínum tíma. Fulltrúar LLÍ voru boðaðir á fund nefndarinnar í júní og lögðum við áherslu á að viðskiptafrelsi ríkti áfram

með bújarðir. Nefndin hefur skilað af sér tillögum til ráðherra. Ekki vitum við hvað stendur í þeim, en ég óttast að forsjárhyggjan og afturhvarf til fortíðar sé aðalsmerkið með breytingu á lögnum eins og á flestu hjá núverandi stjórnvöldum.

Umhverfísráðherra skipaði starfshóp til að endurskoða lög um veiðar á villtum fuglum og spendýrum síðastliðið sumar. Ráðherra sniðgekk alla hagsmunaaðila lands- og veiðiréttar við skipun nefndarinnar. Þessu mótmælti stjórn LLÍ og fleiri hagsmunaaðilar. Það vakti athygli að Skotvís fékk mann í nefndina. Síðan var LLÍ, Bændasamtökin og fleiri boðið að taka sæti í svokölluðum samráðshóp. Samtök voru um meðal allra hagsmunaaðila lands að hafna alfarið að taka sæti í þessum samráðshóp vegna forkastanlegra vinnubragða Umhverfísráðherra við skipun nefndarinnar. Í byrjun desember var boðað til fundar um þessi mál. Til fundarins voru meðal annars boðnir margir sýslumenn og þjóðgarðsverðir og slatti af náttúruverndarfólki. En það sem vakti mína athygli var að ég var einn boðaður af hálfu þeirra hagsmunaaðila lands- og veiðiréttar en sex frá Skotvís. Ég hafnaði þátttöku í fundinum á þessari forsendu að það væri verið að storka öllum hagsmunaaðilum land- og veiðiréttar með þessu boði.

Ráðherrar í ríkisstjórn og stjórnarliðar á Alþingi telja það eitt af forgangsverkefnum að lögfesta þjóðareign á vatni. Umræðan um vatn og vatnsréttindi er þannig hluti af hápólitískum átökum um sjálfa þjóðfélagsgerðina í þágu ríkisvæðingar en gegn eignarrétti sem viðurkenndur hefur verið frá því að land byggðist. Svo langt er gengið í grímulausum áróðri að látið er í veðri vaka að tryggja verði almenningi aðgang að drykkjarvatni með því að breyta sjálfri stjórnarskránni. Staðreyndin er hins vegar sú að 75% vatnsréttinda er í eigu ríkisins en 25% sem eigendur fasteigna eiga. Síðan er almenningi tryggður með víðtækum

eignarnámsheimildum í gildandi vatnalögum frá 1923 aðgangur að nægu vatni.

Tekist var harkalega á um eignarhald og vatnsréttindi á Alþingi í aðdraganda þess að ný vatnalög voru samþykkt 2006. Gildistöku þeirra hefur verið ítrekað frestað og núverandi stjórnarmeirihluti hefur frestað henni til ársins 2011. Stjórnarliðið ætlaði hinsvegar að knýja fram breytingu í fyrra vor á vatnalögum og útpynna ákvæðið um eignarrétt en var það gefið eftir. Tveir hæstaréttarlögmenn voru síðan skipaðir í nefnd til að reyna að setta gagnstæð sjónarmið í málinu og er beðið eftir niðurstöðu þeirra. Stjórn LLÍ beitti sér af mikilli hörku í málinu og stappaði stálinu í stjórnarandstöðuna. Þeir Óðinn Sigbórsson og Sigurður Jónsson fóru fyrir hönd stjórnar LLÍ á fund iðnaðarnefndar Alþingis um vatnalögin. Einn þingmaður sagði mér að þeir hefðu verið mjög grimmir á fundinum og að þessi fundur hefði ráðið úrslitum í hvaða farveg málið var sett.

Þjóðareign á auðlindum. Þetta er hrópað á torgum og fremstur í þeim flokki er forsætisráðherrann sjálfur. Í þinginu sagði hún að það væri aðalmál stjórnlagabings að koma inn í stjórnarskrána ákvæði um þjóðareign á auðlindum. Flestir sem buðu sig fram til stjórnlagabings sáluga voru með það á stefnuskrá sinni: þjóðareign á auðlindum. Hvað merkir þetta hugtak, þjóðareign? Hvaða þýðingu hefur það að setja inn í stjórnarskrána þjóðareign á auðlindum? Þessar spurningar eru tilefni málþings sem stjórn LLÍ mun efna til hér á eftir þar sem fræðimenn fjalla um merkingu orðsins þjóðareign og áhrif þess að setja inn í stjórnarskrá ákvæði um þjóðareign á auðlindum.

Í nóvember síðastliðnum gáfum við út kynningarblað sem fylgdi Bændablaðinu og var því gefið heitið Landsbréfið. Var það unnið af almannatengsla fyrirtækinu Athygli. Mæltist þetta vel fyrir og munum við

halda því áfram eftir því sem fjárhagur leyfir. Það er eitt af okkar vandamálum að koma upplýsingum til okkar félagsmanna og annarra landeigenda og gæti þessi blaðaútgáfa verið liður í því. Það verður að játa að heimasíðan hefur ekki verið ræktuð sem skyldi en ákveðið hefur verið að gera bragarbót á því.

Félagsmenn eru núna rúmlega 400 og vantar tilfinnanlega fleiri félagsmenn til að halda úti öflugra starfi og gera samtökin að þeirri breiðfylkingu sem þörf er á í þeirri hörðu varnarbaráttu sem framundan er. Stjórn hefur haldið 6 bókaða strjórnarfundum frá síðasta aðalfundi.

Góðir fundarmenn.

Eins og ég hef rakið hér í minni skýrslu þá má segja að á okkur landeigendum standa öll spjót nú um þessar mundir. Framundan er blóðug baráttu fyrir okkar fornu réttindum sem við höfum haft allt frá landnámi. Þess vegna hvet ég félagsmenn að halda vöku sinni og berjast af fullri hörku gegn því þjóðnýtingar og forsjárhyggju liði sem nú er við stjórnvölinn. Hins vegar skulum við alltaf vera meðvituð um að því fylgir ábyrgð að eiga land og okkur ber skylda til að varðveita það og skila því jafn góðu eða betra til komandi kynslóða. Ég vil í lokin þakka stjórnarmönnum frábært og ánægjulegt samstarf. Ég þakka öllum landeigendum fyrir góð og ánægjuleg samskipti á liðnu starfsári.

Örn Bergsson

Hofi Örafum